

FUNDARGERÐ

150. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps

Fundartími: Þriðjudagur 15. apríl 2008 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðal- og varamenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum. Inger Schiöth boðar forföll og ekki náðist í varamann í hennar stað.

Ritari fundarins: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Leikskólinn

Á fundinn eru mættar Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri, Halla Ólafsdóttir fulltrúi starfsmanna, og Victoria Jonsson fulltrúi foreldrafélagsins.

1. Starfsmannamál.

Starfsmann vantar í 100% starf frá næstu mánaðarmótum og fram að sumarleyfi. Aðalheiður heldur áfram að auglýsa eftir starfskrafti.

2. Önnur mál.

Aðalheiður upplýsir að undirbúningur fyrir sumarhátíð 24. apríl sé í fullum gangi. Að hátíðinni koma foreldrafélag leikskólans og tónskólinn auk leikskólans. Kvennakór Reykjavíkur tekur þátt í dagskránni.

Haldið verður áfram með garðrækt með svipuðum hætti og á fyrra ári.

Elsti árgangur leikskólans verður útskrifaður 9. maí og vorskólinn verður 13-16. maí.

Aðalheiður, Halla og Victoria yfirgefa fundinn

II. Tónskólinn

Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri boðar forföll.

1. Starfsmannamál.

Skilaboð hafa borist frá Kristni um að Kitty og Balázs ljúki störfum í vor. Kristni er falið að auglýsa eftir nýju starfsfólki að höfðu samráði við grunnskóla og sóknarnefndir.

III. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri, Victoria Jonsson fulltrúi kennara og Halla Ólafsdóttir fulltrúi foreldra.

1. Skóladagatal.

Fyrir liggja drög að skóladagatali fyrir árið 2008-2009 ásamt greinargerð. Skóladagar nemenda eru 178, 84 á haustönn og 94 á vorönn. Helstu breytingar frá núverandi skólaári eru að þemavika er færð að menningarhátíðinni Regnboganum og að gert er ráð fyrir náms- og kynnisferð starfsfólks til Minniapolis 10. – 14. nóvember. Kolbrún leggur nánari upplýsingar um námsferðina fyrir maí fund fræðslunefndar. Fyrirliggjandi skóladagatal 2008-2009 samþykkt.

2. Bréf Skólaskrifstofu Suðurlands dags. 28. mars 2008.

Á fundi fræðslunefndar 13. mars 2007 var samþykkt að kennslustundafjöldi skólaárið 2007-2008 yrði 220 auk 30 sérkennslustunda, rétt eins og verið hafði skólaárið 2006-2007. Fræðslunefnd leggur áherslu á að grunnskólinn leggi sig fram um að uppfylla þarfir um sérkennslu og sækji um fjölgun sérkennslutíma til nefndarinnar sé þess talin þörf. Kolbrún minnir á að ekki hafi tekist að ráða kennara í ársbyrjun þrátt fyrir ítrekaðar

auglýsingar og þeirri stöðu því dreift á aðra starfsmenn. Kolbrún minnir einnig á bókun frá fyrra fundi þar sem hún benti á að útlit væri fyrir aukna þörf á sérkennslu. Þrátt fyrir þetta sé reynt að sinna rökstuddum óskum um sérkennslu eins og hægt er á hverjum tíma.

3. Starfsmannamál.

Beiðni um skammtímaleyfi var lögð fyrir fræðslunefnd 19. febrúar 2008. Þar óskaði Símon Þór Waagfjörð eftir leyfi í 5 kennsludaga, frá 1.-8. apríl 2008. Fræðslunefnd óskaði eftir frekari upplýsingum áður en málið yrði tekið fyrir. Aðstoðarskólastjóri samþykkti leyfisbeiðnina og sagði að forföll starfsmanns yrðu leyst á viðunandi hátt. Björgvin samþykkti, fyrir hönd fræðslunefndar, leyfisbeiðnina þann 22. febrúar 2008.

Kolbrún leggur fram ósk Sifjar Hauksdóttur um launalaust leyfi 4. apríl dag og Áslaugar Einarisdóttur um launalaust leyfi 5. – 9. maí. Kolbrún hefur samþykkt beiðnirnar fyrir sitt leyti. Fræðslunefnd samþykkir beiðnirnar.

Kolbrún upplýsir að engin viðbrögð hafi orðið við starfsmannauglýsingum en umsóknarfrestur rann út 11. apríl. Kennara vantar í a.m.k. tvær stöður.

4. Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lögð fram til kynningar.

5. Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til ársins 2020.

Lögð fram til kynningar.

IV Almennt.

1. Skólafundur.

Fræðslunefnd hittist á vinnufundi fimmtudaginn 10. apríl. Björgvin gerir grein fyrir vinnuferlinu.

Kolbrún, Victoria og Halla yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:40

Björgvin Jóhannesson
Formaður

Andrína Erlingsdóttir

Ívar Páll Bjartmarsson

Lára Oddsteinsdóttir